

Fimmtudaginn 24. febrúar 2000.

Nr. 416/1999.

Friðrika Árnadóttir og

Vignir Árnason

(Árni Pálsson hrl.)

gegn

Báru Elíasdóttur og

Ikan ehf.

(Magnús Thoroddsen hrl.) og

Ikan ehf.

gegn

Friðriku Árnadóttur og

Vigni Árnasyni

Gjöf. Riftun. Óskipt bú. Útivist. Aðild.

B, sem sat í óskiptu búi eftir Á, seldi einkahlutafélaginu I bát fyrir 2.600.000 krónur, sem I greiddi með yfirtöku áhvílandi veðskulda. Erfingjar Á, þau F og V, töldu að í þessum gerningi hefði falist gjöf B til I og kröfðust riftunar hennar með vísan til 2. mgr. 15. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Talið var, að krafa F og V beindist að I og hefði enga nauðsyn borið til þess að höfða málið einnig gegn B. Var B sýknuð af kröfu þeirra með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í málinu lágu fyrir álit ýmissa manna um verðmæti bátsins og var niðurstaða þeirra mismunandi, en ekki hafði verið aflað álits dómkvadds matsmanns um verðmæti hans á þeim tíma, sem máli skipti. Þóttu F og V ekki hafa sannað, að um hefði verið að ræða gjöf til I eða annars konar örlætisgerning, sem ætti að rifta samkvæmt 2. mgr. 15. gr. erfðalaga, Var fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms að sýkna I af kröfum F og V.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Viðar Már Matthíasson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar 11. október 1999. Þau krefjast þess að rift verði með dómi gjöf stefndu á bátnum Hansa EA 61 til gagnáfrýjanda 15. október 1997. Þau krefjast einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði fyrir sitt leyti 23. nóvember 1999. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en þó þannig að aðaláfrýjendur verði dæmd óskipt til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda hefur ekki látið málið til sín taka.

Aðaláfrýjendur höfðu mál þetta til að hnekkja gjöf, sem þau telja að hafi falist í kaupsamningi og afsali frá 15. október 1997 um framangreindan bát, en samkvæmt löggerningum þessum keypti gagnáfrýjandi bátinn af stefndu. Miða verður við, að gagnáfrýjandi hafi greitt fyrir bátinn með því að yfirtaka áhvílandi veðskuld á honum, sem var upphaflega að fjárhæð 2.600.000 krónur, enda byggðu aðaláfrýjendur á því í héraðsdómsstefnu. Málatilbúnað sinn reisa aðaláfrýjendur á 2. mgr. 15. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Krafa um riftun í þeim skilningi, sem það orð er notað í því ákvæði, beinist að gjafþega og er markmið hennar að hrinda ráðstöfun og heimta verðmæti úr höndum gjafþega til baka til hins óskipta bús. Enga nauðsyn bar til að höfða mál þetta einnig gegn stefndu. Þar sem hún sótti hvorki þing í héraði né fyrir Hæstarétti verður hún þegar af þeirri ástæðu sýknuð af kröfu aðaláfrýjenda samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í málinu nýtur við gagna um álit ýmissa manna á verðmæti bátsins í október 1997, auk þess sem einn maður hefur í skýrslu fyrir héraðsdómi tjáð sig um það. Er álit þeirra á verðmæti bátsins mismunandi, allt frá 1.400.000 krónur til 7.500.000 krónur. Enginn þeirra byggði afstöðu sína til verðmætis bátsins á skoðun á honum. Á aðaláfrýjendum hvílir að sanna að fullnægt sé því skilyrði riftunar samkvæmt 2. mgr. 15. gr. erfðalaga að gjöf sé óhæfilega verðmæt miðað við efni bús. Aðaláfrýjendur hafa ekki aflað álits dómkvadds matsmanns um verðmæti bátsins á þeim tíma, sem máli skiptir. Þau hafa ekki sannað að um sé að ræða gjöf eða annars konar örlætisgerning, sem eigi að rifta. Með vísan til framangreinds og að öðru leyti til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans.

Málskostnaðarákvörðun héraðsdóms skal óröskuð, en um málskostnað fyrir Hæstarétti fer sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Friðrika Árnadóttir og Vignir Árnason, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Ikan ehf., 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 12. júlí 1999.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. júní sl., hafa Friðrika Árnadóttir, kt. 051059-5739, Vallartröð 6, Eyjafjarðarsveit, og Vignir Árnason, Tritteverstrasse 29, 22952 Lutjensee, Þýskalandi, höfðað hér fyrir dómi með stefnum birtum 27. október og 5. nóvember 1998 á hendur Báru Elíasdóttur, kt. 010321-2989, Goðabraut 3, Dalvík, og Ikan ehf., kt. 561097-2759, Karlagötu 5, Reykjavík.

Eru dómkröfur stefnenda þær að rift verði með dómi gjöf stefndu, Báru, á OVB Hansa EA-61 til stefnda, Ikans ehf. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefndu, Báru Elíasdóttur, hefur ekki verið sótt þing í málinu og af hennar hálfu eru engar kröfur hafðar uppi.

Í greinargerð stefnda, Ikans ehf., er í fyrsta lagi krafist frávísunar málsins, en til vara er krafist sýknu, í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Með úrskurði dómsins þann 12. apríl sl. var frávísunarkröfu stefnda Ikans ehf. hafnað og snýst málið nú um efnisniðurstöðu þess.

Stefnendur lýsa málsatvikum svo, að hinn 17. júní 1996 hafi Árni Arngríms-son, eiginmaður stefndu, Báru, látist. Hinn 23. október 1996 hafi stefnda, Bára, fengið leyfi til setu í óskiptu búi. Hafi helstu eignir búsins verið fasteignin Goðabraut 3, efri hæð, Dalvík, bifreiðin PJ-685 af gerðinni Citroen árg. 1992 og OVB Hansi EA-61.

Stefnendur sem séu börn stefndu Báru og Árna heitins hafi orðið þess vör í lok apríl 1998 að stefnda Bára hefði gefið stefnda Ikan ehf. Hansa EA-61. Samkvæmt hlutafélagaskrá sé sonur Báru og Árna heitins, Þorsteinn Máni, framkvæmdastjóri Ikan ehf. og dóttir hans, Dagmar, í stjórn félagsins.

Samkvæmt kaupsamningi og afsali sem undirritað hafi verið 15. október 1997 hafi kaupverð bátsins verið kr. 2.600.000, sem kaupandi hafi greitt með því að yfirtaka lán frá Byggðastofnun, sem hvílt hafi á bátnum. Samkvæmt afsalinu hafi báturinn verið afhentur 15. október 1997. Samkvæmt verðmati skipasala hafi báturinn á þeim tíma sem hann hafi verið afhentur Ikan ehf. verið að verðmæti kr. 7.500.000. Augljóst sé því að um gjöf hafi verið að ræða því að það verð sem Ikan ehf. hafi greitt fyrir bátinn hafi ekki verið í neinu samræmi við verðmæti hans.

Að mati stefnenda hafi aðrar eignir búsins verið bifreiðin PJ-685 að verðmæti kr. 450.000 og fasteignin Goðabraut 3, Dalvík, að verðmæti kr. 4.500.000, sem veðsett hafi verið til tryggingar lánum, upphaflega að fjárhæð kr. 2.000.000.

Stefnendur hafi tilkynnt Ikan ehf. um riftun á gjöfinni með bréfi dagsettu 11. maí 1998, en með bréfi lögmanns stefnda Ikans ehf. hafi riftun verið mótmælt, en afstaða stefndu, Báru, liggi ekki ljós fyrir.

Telja stefnendur að með vísan til 2. mgr. 15. gr. laga nr. 8/1962 hafi stefndu, Báru, verið óheimilt að afhenda stefnda Ikan ehf. bátinn á því verði sem gert var. Telja stefnendur að um hafi verið að ræða gjöf sem teljist óhæfilega há miðað við þær eignir sem í búinu hafi verið.

Telja stefnendur að ekkert samræmi hafi verið milli verðmætis bátsins og þess verðs sem stefnda Ikan ehf. hafi greitt fyrir hann. Fyrir liggi verðmat á bátnum þar sem fram komi að verðmæti hans þegar hann hafi verið afhentur Ikan ehf. hafi verið kr. 7.500.000. Á bátnum hafi hvílt lán sem sagt hafi verið kr. 2.600.000 þegar bátnum hafi verið afsalað til Ikan ehf. sem sé ekki rétt því að lánið hafi verið kr. 2.673.115 auk áfallinna vaxta. Sé því augljóslega um gjöf að ræða því það komi fram í verðmatinu að mikil eftirspurn hafi verið eftir bátum eins og Hansa EA-61 þegar báturinn hafi verið afhentur Ikan ehf., þannig að auðvelt hefði reynst að selja bátinn á verði sem hafi verið langt umfram það sem Ikan ehf. hafi greitt.

Þá sé rétt að geta þess að Bára Elíasdóttir hafi enga hugmynd haft um hvers virði báturinn var þegar hún undirritaði afsalið.

Þær eignir sem verið hafi í búinu, aðrar en báturinn, hafi verið bifreið og fasteignin Goðabraut 3, efri hæð, Dalvík, sem ætla megi að séu að verðmæti um kr. 2.500.000 þegar tekið hafi verið tillit til áhvílandi lána á fasteigninni. Rétt sé einnig að geta þess að fasteignin sé væntanlega erfið í sölu. Því sé ljóst að báturinn hafi verið helsta eign búsins og því hljóti gjöf að verðmæti tæpar kr. 5.000.000 að vera óhæfileg miðað við eignir búsins.

Þorsteinn Máni, sonur stefndu Báru, sé framkvæmdastjóri Ikans ehf., og dóttir hans sé í stjórn félagsins, því hljóti þeim að hafa verið kunnugt um að stefnda Bára Elíasdóttir hafi setið í óskiptu búí þegar hún hafi afsalað bátnum til félagsins.

Stefnendur hafi krafist þess 29. september 1998 að fram færu opinber skipti á dánarbúi Árna Arngrímssonar heitins til að fullnægja áskilnaði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 8/1962.

Af því sem að framan sé rakið sé ljóst að öll skilyrði samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 8/1962 séu til staðar svo að unnt sé að rifta þeirri gjöf sem falist hafi í afhendingu stefndu Báru á OVB Hansa EA-61 til Ikan ehf.

Stefnda Ikan ehf. byggir sýknukröfu sína á því að ekki hafi verið um gjöf að ræða heldur hafi kaupverð bátsins verið í fullu samræmi við verðmæti hans er

salan fór fram. Þá mótmælir stefndi, Ikan ehf., verðmati því sem stefnendur byggja mál sitt á sem röngu.

Þorsteinn Máni Árnason, framkvæmdastjóri stefnda, Ikans ehf., hefur gefið skýrslu hér fyrir dóminum svo og vitnin Sigurður Bjarnason, Grímsey, Sigurður Bjarnason, eiginmaður stefnanda, Friðriku Árnadóttur, Jónatan Sveinsson hæstaréttarlögmaður, Erlingur Óskarsson héraðsdómslögmaður, Gísli Jón Gíslason útgerðarmaður, Steinar Agnarsson sjómaður, Jón Halldórsson íþróttakennari, Brynjólfur Eiríksson sjómaður, Gunnar A. Jóhannsson sjómaður og Jón Óðinn Óðinsson sölumaður.

Samkvæmt sóknargögnum málsins verður að telja að raunverulegt söluverð bátsins hafi verið kr. 2.673.115, auk áfallinna vaxta á söludegi, en í málinu kemur ekki fram hversu há upphæð það var.

Af gögnum málsins má ráða að bátur sá er hér um ræðir hafi verið opinn plastbátur, smíðaður í Hafnarfirði árið 1978 af Mótun af gerð er nefnd var „Færeyingur“. Báturinn var að stærð 3,71 brt. Skrokkur bátsins var endurbyggður árið 1997. Ágreiningur er hins vegar um hversu langt sú endurbygging náði, það er hvort fylgifé, rafkerfi, vél o.s.frv. hafi verið endurnýjað. Að lokinni þessari endurbyggingu virðist báturinn hafa verið notaður til sjóróðra frá Snæfellsnesi um skeið.

Í málinu liggja ekki fyrir haldbærar upplýsingar hlutlausra aðila um það í hvernig ástandi báturinn var raunverulega þegar salan fór fram.

Stefnendur byggja staðhæfingu sína um verðmæti bátsins á verðmati Guðna Sigurðssonar hjá Bata- og kvótasölunni ehf., dagsettu 19. maí 1998, þar sem söluverð bátsins ásamt fylgifé, veiðiheimildum og endurnýjunarréttindum miðað við október 1997 er metið kr. 7.500.000. Í verðmatinu kemur m.a. fram að miðað er við að sóknardagafjöldi bátsins sé 40, en af gögnum málsins má ráða að þeir voru einungis 26 á þessum tíma.

Í málinu liggur ennfremur fyrir verðmat Heimis Bergmanns hjá sama fyrirtæki, en skýrsla hans er dagsett 21.10.1998, þar sem báturinn ásamt fylgifé, veiðiheimildum og endurnýjunarrétti, á þeim tíma er salan fór fram, er talinn að söluverðmæti kr. 2.500.000. Í skýrslunni kemur fram að miðað er við að vél sé úrbrædd, en ekki kemur fram í skýrslunni hvort tekið hafi verið tillit til endurbyggingar bátsins á árinu 1997 og ekki er ljóst við hvaða fjölda sóknardaga er miðað.

Í málinu hefur verið lögð fram greinargerð framangreindra manna, þ.e. Heimis Bergmanns og Guðna Sigurðssonar, þar sem segir m.a.:

„...Um er að ræða annars vegar verðmat sem gert var 19.05.1998, samkvæmt beiðni Sigurðar Bjarnasonar, það verðmat er byggt m.a. á upplýsingum, ljósmyndum og teikningum af bátnum endursmíðuðum nánast frá grunni, m.a. útslegnar lunningar, gafl, skutur, perustefni, nýtt stýrishús, nýtt rekkverk, ný vél,

nýtt rafkerfi, nýjar innréttingar og fleira og fleira, það er fullbúinn og toppfrágenginn bátur, vel tækjaður og vel útbúinn til handfæraveiða. Hins vegar er um að ræða verðmat, sem framkvæmt var 21. október 1998 samkvæmt beiðni Þorsteins Mána Árnasonar. Það verðmat byggist á upplýsingum Þorsteins Mána um ástand og ásigkomulag bátsins eins og hann var í september-október 1997. Þar er um að ræða að báturinn er óbreyttur í niðurníðslu þ.e. úrbrædd og sundurtekin vél og báturinn nánast tækjalaus. Miðað við ástand bátsins þá er um að ræða „hrakverð“, þ.e. verðmætin liggja nær einungis í veiðiheimildum og endurnýjunarréttindum bátsins.“

Ennfremur segir í skjalinu:

„...Verið er að verðmeta gjörólíka hluti, annars vegar nýendurbyggðan bát frá grunni og hins vegar óbreyttan, ósjófæran bát í niðurníðslu. Er það mat undirritaðra að á umræddum tíma hafi a.m.k. verið 5.000.000 kr. mismunur á bátnum fyrir og eftir breytingar.“

Af framangreindu er ljóst að hvorki Heimir Bergmann né Guðni Sigurðsson skoðuðu bátinn og verðmat Guðna Sigurðssonar frá 19. maí 1998 er alfarið byggt á lýsingu Sigurðar Bjarnasonar, eiginmanns stefnanda, Friðriku, á ástandi bátsins þá er salan fór fram. Þá er einnig ljóst að verðmat Heimis Bergmanns frá 21. október 1998 er algjörlega byggt á frásögn Þorsteins Mána, framkvæmdastjóra stefnda, Ikans ehf., af ástandi báts síns, áður en endurnýjun á honum hófst.

Hvorugur framangreindra manna hefur komið fyrir dóminn.

Af gögnum málsins, þ.á m. framburðum vitna, virðist mega ráða að hvorug lýsingin á ástandi bátsins eigi við rök að styðjast og samkvæmt því og þar sem heldur er ekki miðað við sóknardagafjölda bátsins eins og hann raunverulega var þykir ekki fært að leggja framangreind verðmöt til grundvallar í máli þessu.

Til viðbótar framangreindum verðmötum hefur verið lagt fram í málinu verðmat framangreinds Guðna Sigurðssonar hjá Báta- og kvótasölunni ehf. dagsett 25. maí 1999, þar sem hann kveðst leggja til grundvallar annars vegar umsögn frá Siglingamálastofnun og hins vegar bréf undirritað af Reyni Axels-syni, en hann muni hafa róið á bátnum. Metur Guðni Sigurðsson verðmæti bátsins það sama og áður eða kr. 7.500.000, en dregur frá verðmæti vélar með niðursetningu kr. 900.000 þannig að útkoman á bátnum með úrbræddri vél sé kr. 6.600.000. Ekki kemur fram annað en að miðað sé við sama sóknardagafjölda og áður, þ.e. 40 daga, og þá er ekki á verðmatinu að sjá að miðað sé við neitt annað ástand bátsins en að framan er lýst í yfirlýsingu þeirra Guðna Sigurðssonar og Heimis Bergmanns, sem að framan er rakið. Gegn andmælum stefnda getur verðmat þetta ekki orðið grundvöllur að áliti dómsins á hvert raunverulegt verðmæti bátsins var á þeim tíma er máli skiptir í máli þessu.

Af framburði vitna má ráða að lítil eftirspurn hafi verið eftir bátum sem

Þessum á þeim tíma er kaupin áttu sér stað og verð á þeim hafi verið lágt. Úthlutuðum sóknardögum hafði þá farið fækkandi og voru þá einungis 26. Þeim var í lok þess árs fjölgað í 40, en engin gögn málsins benda til þess að forráðamönnum stefnda, Ikan ehf., hafi verið eða mátt vera kunnugt um að lög-gjafinn myndi þá fjölga sóknardögum þessum.

Að öllu framangreindu þykja stefnendur eigi hafa fært fram órækar sannanir fyrir því að raunvirði bátsins hafi verið það umfram söluverð hans að jafna megi til óhæfilegra hárrar gjafar, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 8/1962.

Verður því samkvæmt framansögðu að sýkna stefnda, Ikan ehf., af kröfum stefnenda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kveður upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Bára Elíasdóttir og Ikan ehf., skulu vera sýkn af kröfum stefnenda, Friðriku Árnadóttur og Vignis Árnasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
